


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Samson,
hinn sterki
maður
Guðs



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlaggað af: Lyn Doerksen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Fyrir ævalöngu í Ísrael, bjó Manóa
og kona hans. Hjónin voru barnlaus.
Dag nokkurn birtist Engill
Drottins konunni
og sagði: "Þú ert


ófrjó,
en samt
mun þér
fæðast sonur.



Hún sagði manni sínum þessar góðu fréttir. Manóa bað til Guðs: "Ó Drottinn minn... komdu aftur til

okkar til að kenna okkur hvernig við eigum að ala upp drenginn."








Engill Drottins sagði
Manóa að drengurinn
mætti aldrei láta skera
hár sitt, aldrei drekka

áfenga
drykki,
né borða


vissar


fæðutegundir.






Guð hafði valið þennan
dreng til að verða
dómari og leiðtogi
í Ísrael.





Fólkið,
sem gleymt
hafði Guði og orðið
fyrir ofsóknum og ofbeldi
óvina sinna Filistea, var nú
sannarlega hjálpar þurfi.





Eftir
að biðja til
Guðs, svaraði hann
þeim með því að senda
þeim lítið barn sem síðar mundi
verða sterkasti maður í heimi.



"Konan ól son og nefndi hann Samson. Drengurinn óx upp og Drottinn blessaði hann. Og andi Drottins tók að hreyfa við honum" Samson varð gríðarlega sterkur.



Dag einn barðist hann
berhentur við
ungt ljón, og
banaði því.





Skömmu
síðar tók Samson
eftir mergð býflugna
á ljónshræi og fékk
sér hunang og át.





Þá bjó hann til gátu:
"Úr ætunni kom æti og
úr hinum sterka, sætindi."





Engum
skildist

hvað þetta þýddi -
en kona Samsonar, sem
var Filistei, kjaftaði frá.
Samson varð mjög reiður við.



Og Samson reiddist ennþá meir er hann komst að því að fyrir tilliðslu Filistea hafði kona hans nú gifst besta vini sínum. Hann ákvað að hefna sín.




Samson veiddi 300 refi, batt tvo
og tvo saman á skottunum og festi
blys á milli skottana.



Síðan kveikti Samson í blysunum og
slepti refunum inn á kornakra


Filistea.



Nú var komið að Filisteum að hefna sín. Þeim tókst að handtaka Samson. Hann var síðan tekinn í böndum og framseldur til Filistea til aftöku.




En andi Drottins kom yfir
Samson. Hann sprengdi
af sér reipin, tók nýtt
kjálkabein úr dauðum
asna, og drap 1000
óvina sinna.




Hópur Filistea var á eftir Samson.
Nótt eina settu þeir gildru fyrir
hann og læstu borgarhliðunum þar

sem

hann
var
staddur.



En Samson gekk í gegn. Hann reif
upp borgarhliðin, og bar þau á
herðum sér!




Guð gaf Samson kraft
svo lengi sem hann
hlýðnaðist honum.
En Samson hafði
brugðist
Guði.




Dag nokkurn sagði Samson
Delílu, fegurðardís sem
var njósnari Filistea,
frá kraftaleyndarmáli
sínu. Hún lét
raka hárið af
höfði hans
meðan
hann
svaf.




Síðan komu
hermenn
Filistea
og réðust
á Samson.





Hann barðist af öllu
afli - en krafturinn
mikli var horfinn
frá honum.
Óvinir hans
stungu úr
honum augun.



Blindur og máttvana
var Samson orðinn
þræll Filistea.
Þeir hlógu og
gerðu gys að
þessum þjóni
Guðs.




Filistear héldu
nú veislu, og þar
lofuðu þeir guð
sinn, Dagon, fyrir að
hafa gefið Samson
þeim í hendur.
Þar gerðu Filistear
sér glaðan dag og
léttu sækja Samson
til að skemmta sér.




Ungur piltur sem leiddi Samson,
leyfði honum, að óskum hans, að


styðja
sig við
súlurnar
sem
húsið
hvíldi á.




Fyrir utan fólksfjöldan inni í húsinu,
voru um 3000 manns uppi á þaki,
allir að
hæðast
að honum.




Hár Samsons hafði farið að
vaxa aftur í fangelsinu.




Hann bað til Guðs: "Ó Drottinn Guð,
styrktu mig nú í þetta eina skipti,
svo ég
geti
hefnt
fyrir
bæði
augu
mín."



Mundi Guð nú gefa
Samson kraft sinn
aftur? Gæti
Samson gert hið
óhugsanlega?



Af öllum lífsins kröftum, þrýsti
Samson á hinar miklu
uppistöður, og hrundi
þá húsið í rúst.
Fleiri þúsund
Filistear -
og Samson
líka, misstu
þar lífið.



Samson, hinn sterki maður Guðs

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Dómarabók 13-16

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

